

AUGLÝSING um deiliskipulagsbreytingar í Reykjanesbæ.

Í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 16. maí 2017 samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi:

Eyjavellir 11, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Heimilt er að byggja við bílskúr.

Málsmeðferð var í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Reynidalur 3-13, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Raðhúsi á tveimur hæðum er breytt í fjölbýlishús með 12 íbúðum, þ.e. 6 íbúðir á hvorri hæð.

Málsmeðferð var í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Hafnargata 57, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Tveimur hæðum er bætt ofan á B-hús hótélbyggingar.

Málsmeðferð var í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Leirdalur 2-16, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Breytingin felst í að parhúsum er breytt í fjögurra húsa raðhús.

Málsmeðferð var í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Seylubraut 1, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Heimilt er að stækka lóð.

Málsmeðferð var í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Leirdalur 7-21, breyting á deiliskipulagi.

Breytingin felst í að byggingarreitur er lengdur um þrjú metra. Krafa um bílageymslu fellur út, í staðinn skal vera opin hjóla- og vagnageymsla. Ekki er gerð krafa um að húsin verði hönnuð af sama hönnuði og nr. 23-37, en skulu hafa líkt yfirbragð.

Málsmeðferð var í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Reykjanesbæ, 19. janúar 2018.

Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri.